

# Skólaráð Hörðuvallaskóla

## 10. fundur skólaársins 2016-2017, haldinn 15. maí 2017

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Þórunn Jónasdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Heiðar Ásberg Atlason, Linda Björk Hilmarsdóttir, Marta Kristín Sigurjónsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Alma Ernstdóttir, Anna D. Hermannsdóttir, Sigríður Einarsdóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

### 1. Stefna skólans

Fundarmenn höfðu fengið sendar niðurstöður könnunar varðandi stefnu skólans fyrir fundinn. Almennt virðast foreldrar og starfsmenn sáttir við stefnuna eins og hún er framsett en einnig er þar að finna margar góðar og gagnlegar ábendingar. Skoðuð drög að aðgerðum varðandi framgang stefnunnar fyrir næsta skólaár. Það plagg fer til umræðu á næsta kennarafundi.

### 2. Næsti vetur

- a) **Stundaskrárrammi.** Nokkrar breytingar eru fyrirhugaðar á stundaskrárramma skólans næsta vetur, annars vegar vegna breytinga á unglíngastigi en hins vegar með innsetningu aukins tíma til ferða í sund o.þ.h. á miðstigi. Þá verða settar inn styttri lotur í töflur miðstigs þar sem geta rúmast lestrarstundir, núvitunarstundir, bekkjafundir o.fl.
- b) **Viðmiðunarstundaskrá.** Skoðuð viðmiðunarstundaskrá skólans. Verður send skólaráðsfulltrúum til frekari rýni.
- c) **Húsnæðismál.** Unnið er skv. aðgerðaáætlun.
- d) **Ráðningar.** Farið yfir stöðu ráðninga, enn vantar 3 kennara, störfín eru í auglýsingu.
- e) **Skólaboðunardagur.** Farið yfir niðurstöður skoðanakönnunar þar sem koma fram skýr vilji foreldra til að halda óbreyttu fyrirkomulagi á skólaboðunardeginum í byrjun skólaárs. Í ljósi þessa samþykkir meirihluti skólaráðs að halda óbreyttu fyrirkomulagi en leggja áherslu á að „praktískar upplýsingar“ verði sendar foreldrum fyrir viðtal þannig að viðtalið nýtist sem best til að mynda tengsl milli barns og kennara.
- f) **Uppstokkun árganga.** Skoðanakönnun sýnir meirihluta fyrir því að taka upp þumalputtareglur um uppstokkun árganga milli 2/3 bekkjar, 5/6. bekkjar og 7/8. bekkjar. Óhjákvæmilegt er að stokka upp bekk í varðandi 3. árgangi núna þar sem þar þarf að fækka bekkjardeildum. Ákveðið að gefa árs aðlögunartíma að reglunni hvað varðar 5/6. bekk og hugsanlega í varðandi 8. bekk eftir því hver ákvörðunin verður varðandi fjölda umsjónarhópa en það mál á eftir að skoða betur.

### 3. Önnur mál

- a) **Innkaup námsgagna.** Skólaráð samþykkir að skóli/foreldrafélag hafi samstarf um innkaup námsgagna fyrir nemendur fyrir næsta skólaár.
- b) **Breyting á skóladagatali.** Varðandi fyrirhugaða námsferð starfsmanna næsta vetur hefur komið í ljós að áformaðar dagsetningar í mars henta illa. Því er óskað eftir að skóladagatali 2017-2018 verði breytt á þann hátt að starfsdagar 12.-13. mars verði færðir á 18. og 20. apríl. Skólaráð samþykkir tillöguna en leita þarf samþykkis stjórnar Foreldrafélags skólans.

Fleira ekki tekið fyrir, næsti fundur áformaður fimmtudaginn 8. júní.